

# Fundargerð 73. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2022, mánudaginn 16. maí kl. 10:00 kom saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason lögfræðingur, sem ritaði fundargerð og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri.

Freyr Eyjólfsson verkefnisstjóri SORPU bs og starfsmaður átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi sat fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 72. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 10. mars sl., lögð fram til samþykktar.

*Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.*

### 2. Skipan verkefnisstjórnar - 2009015SA

Stefán Aspar Stefánsson, verkefnisstjóri umhverfismála hjá Sveitarfélaginu Hornafirði, hefur tekið sæti sem aðalmaður í verkefnisstjórn í stað Freys Ævarssonar, umhverfisstjóra Múlaþings. Jafnframt kemur Íris Dögg Aradóttir, verkefnisstjóri úrgangsmála í Fjarðarbyggð, inn sem varamaður í stað Bryndísar Bjarnason, upplýsinga- og umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins Hornafjarðar. Lagt fram til kynningar minnisblað þessa efnis, dags. 12. apríl sl.

*Stefán Aspar var boðinn velkominn á sinn fyrsta fund í verkefnisstjórninni. Verkefnisstjórn vildi jafnframt koma á framfæri kærum þökkum til Freys Ævarssonar fyrir afar gott samstarf á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.*

### 3. Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi - 2112034SA

Undanfarnar vikur hefur átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi gert víðreist um landið og hafa fulltrúar átaksins hitt fyrir sveitarstjórnarfolk og lykilstarfsmenn í úrgangsmálum. Átakið er á vegum sambandsins og er unnið með styrk frá umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðuneytinu og er tilgangur þess að aðstoða sveitarfélög við að innleiða nýjar kröfur vegna lagabreytinga sl. sumar. Upphafsfundurinn var haldinn 16. mars sl. og skiptist átakið í þrjú verkefnahluta, sem allir hafa það hlutverk að renna styrkari stoðum undir innleiðingu hringrásarhagkerfið hérlendis.

Eygerður Margrétardóttir og Freyr Eyjólfsson verkefnisstjórar átaksins sögðu frá vinnunni. Haldnir hafa verið fimm fundir víða um land um gerð

svæðisáætlan og að auki einn fjarfundur um Borgaðu þegar hent er kerfa við innheimtu. Fundirnir hafa verið vel sóttir og gott samtal sem þar hefur náðst um þær breytingar sem framundan eru. Þess má vænta að samstarf sveitarfélaga muni aukast á næstunni undir merkjum svæðisáætlan, sem einnig muni leiða af sér nánara samstarf um framkvæmd úrgangsmála almennt. Framundan er síðan fjarfundur um innkaup á sviði úrgangsmála 31. maí n.k. Fram kom í umræðu fundarins að margir hafa kallað eftir meiri samræmingu í þjónustu við hirðu og meðhöndlun úrgangs um landið allt. Einnig að vænta megi þróunar í þá átt að dregið verði úr vægi hirðu úrgangs við heimahús í þéttbýli, þ.e. inni á lóðum. Jafnframt þurfi að þróa snjallari við þjónustu í dreifbýli og frá sumarhúsabyggðum.

#### 4. **Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun - 2012018SA**

Sambandið og Umhverfisstofnun undirrituðu samning, dags. 8. júní 2021, um vinnu við gerð handbókar fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Sambandið ber ábyrgð á gerð handbókarinnar og hefur fengið VSÓ-ráðgjöf til að halda utan um verkefnið. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 10. mars sl.

Verkefnisstjóri kynnti drög að handbókinni eins og þau standa nú. Áherslan er á að handbókin verði aðgengileg á stafrænu formi og uppfærð reglulega.

*Verkefnisstjórn leggur áherslu á að nýkjörnir sveitarstjórnarmenn fái sem fyrst kynningu á helstu breytingum á skyldum sveitarfélaga sem taka eiga gildi um áramót. Handbókin mun að mati verkefnisstjórnar verða gagnlegt verkfæri í því kynningarstarfi.*

#### 5. **Málafni Úrvinnslusjóðs og framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Innan Úrvinnslusjóðs stendur yfir vinna vegna lagabreytinga síðastliðið sumar. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um málið á síðustu fundum sínum. Verkefnisstjóri, sem jafnframt er fulltrúi sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs, greindi frá stöðu vinnunnar og helstu áherslum fulltrúa sambandsins.

Ekki hafa enn borist svör við spurningum um tiltekin atriði framleiðendaábyrgðar, sem kynnt hafa verið í verkefnisstjórn og stjórn Úrvinnslusjóðs hefur vísað til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Einnig kom fram að Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi munu vera að vinna að úrbótum á tillögu að veiðarfærasamningi, sem oft var til umfjöllunar í verkefnisstjórn á sl. ári. Ekki hafa átt sér stað nein formleg samtöl við fulltrúa sambandsins um í hverju þær úrbætur þurfi að felast en afstaða sambandsins liggur hins vegar skýrt fyrir. Umræða hefur annars verið í gangi á vettvangi stjórnar um fjölmörg atriði sem snúa að innleiðingu hringrásarhagkerfis og úrbótum á núverandi kerfi.

Einnig kom fram í máli Eygerðar að stjórn Úrvinnslusjóðs hefur fengið í hendur til yfirlestrar drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi sjóðsins.

#### 6. **Ný skýrsla Matís um lífúrgang - 2009015SA**

Rannsóknar- og nýsköpunarverkefnið „Sjálfbær áburðarframleiðsla - heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfi" var styrkt af Markáætlun Rannís í byrjun árs 2021. Markmið verkefnisins er að kanna leiðir til að nýta

staðbundnar lífrænar auðlindir, aukaafurðir úr ýmiskonar framleiðslu og ferla til að framleiða sjálfbæran áburð fyrir íslenskan landbúnað og landgræðslu. Matís hefur gefið út skýrslu í tengslum við verkefnið þar sem gerð var úttekt á þeim lífræna úrgangi sem fellur til á Íslandi, bæði út frá magni og næringarsamsetningu. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Matís.

Jónas Baldursson verkefnastjóri Matís kom inn á fundinn. Hann kynnti verkefnið og helstu niðurstöður þess og svaraði spurningum.

*Verkefnisstjórn þakkaði fyrir góða kynningu á skýrslunni.*

**7. Samstarf um fræðslu - 2205011SA**

Fyrirhugaður er fundur Umhverfisstofnunar, Úrvinnslusjóðs, Endurvinnslunnar og sambandsins um fræðslu og miðlun vegna úrgangsmála og málefna hringrásarhagkerfisins. Samkvæmt kröfum í lögum nr. 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald hafa þessir aðilar fræðsluhlutverk í úrgangsmálum og rætt hefur verið um aukið samstarf í þeim efnum. Verkefnisstjóri greindi frá málinu og lýsti áhuga af hálfu sambandsins á að gott samstarf takist um þetta verkefni.

**8. Umsókn um styrk - 2205010SA**

Þann 9. maí sl. sóttu sambandið, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun sameiginlega um styrk í sjóð umhverfis-, orku- og loftslagsáðuneytisins til verkefna sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis á Íslandi. Umsóknin hefur yfirskriftina Hringrásarhagkerfið í byggðu umhverfi og var unnin af ráðgjafafyrirtækinu Alta og snýst um að láta vinna leiðbeiningar um skipulag og hönnun innviða til að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins. Slíkar leiðbeiningar eru þekktar í nágrannalöndunum. Ef fjármunir fást í verkefnið þá má búast við lokaafurðin geri störf skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra sérfræðinga sveitarfélaga, hönnuða, þjónustufyrirtækja og allra þeirra sem þurfa að nýta hringrásarinnviði í hinu byggða umhverfi, mun skilvirkari og hagkvæmari en ella. Umsóknin sem send var, dags. 9. maí sl., lögð fram til kynningar. Verkefnisstjóri gerði grein fyrir umsókninni.

*Verkefnisstjórn telur verkefnið vera afar mikilvægan þátt í bættri úrgangsstjórn og væntir þess að það fái brautargengi.*

**9. Önnur mál - 2009111SA**

Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn mánudaginn 20. júní og hefjist kl. 10 og standi til kl. 13. Um verður að ræða staðfund.

Fundi var slitið kl. 12:00

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson